

## Reglugerð um Starfsmenntasjóð Starfsmannafélags Kópavogs

1.gr.

Sjóðurinn heitir Starfsmenntunarsjóður Starfsmannafélags Kópavogs og starfar hann með því skipulagi og markmiði, sem segir í reglugerð þessari. Heimili sjóðsins og varðing er í Kópavogi.

2.gr.

Markmið sjóðsins eru:

Að starfsmenn beri ekki verulegan kostnað af námi, sem beinlínis er við það miðað, að þeir geti tileinkað sér framfarir og tæknibreytingar á sínu sérsviði.

Að starfsmenn eigi án verulegs kostnaðar kost á námskeiðum, sem geri þeim mögulegt að taka að sér vandasamari störf og gera þá hæfari einstaklinga.

Ef störf eru lögð niður vegna tækni -eða- skipulagsbreytinga eiga starfsmenn, án tilkostnaðar, kost á endurhæfingarmenntun sem geri þeim mögulegt að taka sér önnur störf með óbreyttum tekjumöguleikum.

3.gr.

Sjóðurinn er í höndum stjórnar Starfsmannafélags Kópavogs. Hún skal halda gerðabók og rita í hana allar samþykktir sínar. Til þess að samþykkt sé lögmæt þarf meirihluti stjórnarmanna að greiða henni atkvæði.

4.gr.

Tekjur sjóðsins eru:

a) Framlag úr bæjarsjóði, er nema skal 0.30% af föstum mánaðarlaunum félagsmanna. Hlutfall þetta skal endurskoða árlega miðað við þarfir sjóðsins. Um skil á framlagi bæjarsjóðs skal höfð hliðsjón af reglum er gilda um skil orlofsheimilassjóðs.

b) Vaxtatekjur. Tekjum sjóðsins skal einungis varið í samræmi við markmið hans sbr.3.gr.

5.gr.

Þá er sjóðsstjórn m.a. heimilt að veita félagsmönnum fjárstyrk úr sjóðnum til eftirtalinna viðfangsefna enda samrýmist þau markmið þeim sem að er stefnt sbr. 2.gr.

a) að sækja námskeið eða nám innanlands, eða utan

b) rannsókna eða ákveðinna verkefna sem teljast til endurmenntunar þeirra.

6.gr.

Þeir sem æskja styrks úr sjóðnum skulu senda stjórn sjóðsins umsókn á þar til gerðu eyðublaði, þar sem fram komi lýsing á því námi eða verkefni, sem styrkurinn skal renna til, áætlaðan kostnað, hvenær fyrirhugað er að stunda námið eða verkefnið, sem styrkur er veittur út á og aðrar þær

upplýsingar er stjórnin kann að telja nauðsynlegar. Á grundvelli þeirra tekur sjóðstjórnin ákvörðun um hvort og hve háan styrk viðkomandi skuli fá. Að jafnaði skal aðeins veita styrk vegna umsóknar sem lýtur að væntanlegum kostnaði umsækjanda. Þó getur sjóðstjórn veitt styrk vegna kostnaðar sem þegar hefur verið stofnað til innan viðkomandi reikningsárs telji hún slíkt nauðsynlegt vegna sérstæðra ástæðna. Úthlutun styrkja úr sjóðnum skal að jafnaði fara fram a.m.k.ársfjórðungslega.

7.gr.

Greiðslur úr sjóðnum má gjaldkeri aðeins inna af hendi eftir að samþykkt liggur fyrir í fundargerðrbók sjóðsins.

8.gr.

Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið. Reikningar skulu endurskoðaðir af endurskoðendum félagsins og löggildum endurskoðanda.

Bókhald sjóðsins skal vera hjá gjaldkera Starfsmannafélagsins.

9.gr.

Árlega skal stjórn sjóðsins gera skýrslu þar sem gerð skal grein fyrir fjárhag hans og starfsemi síðastliðið reikningsár og leggja fram á aðalfundi félagsins og senda bæjarráði.

10.gr.

Reglugerð þessi, sem sett er saman skv. ákvæðum samkomulags Starfsmannafélags Kópavogs og bæjarstjórnar kópavogs 4. okt. 1989, öðlast gildi 1. janúar 1990.